

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

17. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn föstudaginn 3. febrúar 2017

kl. 8:15 í fundarsal B.S.bs. Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

- Teikningar
 - Fullnaðarteikningar að nýrri slökkvistöð kynntar stjórn og þær samþykktar.
- Kostnaðaráætlun.
 - Drög að kostnaðaráætlun kynnt fyrir stjórn.
 - Formaður óskar eftir leyfi stjórnar til að hann og slökkviliðsstjóri fari í vinnu við að athuga með fjármögnun verkefnisins. Stjórnendum falið að kynna verkefnið fyrir sveitarstjórnunum *Samþykkt.*
- Staða fjármála.
 - Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Í janúar var auglýst í varalið BS og komu inn 13 umsóknir. Voru síðan 7 umsækjendur ráðnir inn af þeim eftir þrekpróf og viðtöl.
 - Er í gangi núna námskeið fyrir nýliða og er það í samráði við Brunamálaskóla Mannvirkjastofnunar.
 - Búið er að ráða 5 manns á vaktir og er stefnt á að þau verði öll komin til starfa í apríl mánuði. Er í þeim hópi fyrsta konan sem ráðinn hefur verið til Brunavarna Suðurnesja og er það í fyrsta skipti í 104 ára sögu slökkviliðsins.
- Önnur mál.
 - Slökkviliðsstjóri kynnir tölfræði sjúkraflutninga fyrir árið 2016 sem var metár í fjölda sjúkraflutninga og byrjaði janúar 2017 að slá met í fjölda sjúkraflutninga á einum mánuði en 261 sjúkraflutningur var í mánuðinum.

Fundi slitið kl. 09:20